

STAÐA MÁLS

Málnr.: **2016-131F022**

Dags: **19. október 2016**


Staður: **Aðflug að flugbraut 19 á Keflavíkurflugvelli**

Lýsing: **Óstöðugt aðflug**

Staða máls: **Október 2017: Í rannsókn**
Október 2018: Skýrsludrög í vinnslu
Október 2019: Drög að lokaskýrslu í yfirferð nefndarinnar

Flugvél TF-ISR, sem er af gerðinni Boeing 757-200, var í aðflugi fyrir flugbraut 19 á Keflavíkurflugvelli.

Hugðist áhöfn flugvélarinnar fljúga aðflugið samkvæmt svæðisleiðsögu (RNAV) aðflugsferlum, þar sem ILS búnaður fyrir flugbraut 19 var óvirkur vegna framkvæmda á flugvellinum.



Þegar flugvélin var komin niður í um 500 feta hæð yfir jörðu fór aðvörðun í gang frá framsýnum jarðvara¹ hennar. Í kjölfarið hófu flugmenn flugvélarinnar fráhrarfsflug.

Þegar atvikið átti sér stað var rigning, takmarkað skyggni og vindur á bilinu 150°/25 - 160°/35 ásamt 48 hnúta vindhviðum á Keflavíkurflugvelli.

Beinist rannsókn málsins m.a. að þjálfunarmálum, veðri, undirbúningi flugs, framkvæmdum á flugvellinum, flugumferðarstjórn, landingarskilyrðum og framkvæmd aðflugsins.

¹ Enhanced Ground Proximity Warning System